

## 11. gr.

115

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði. 30. júní

Samþykkt þessi, sem er gerð samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 30. júní 1960.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð ættmenna Péturs J. Ólafssonar og Þorsteinu Guðmundsdóttur, Bolungavík, útgefin á venjulegan hátt að mandatun af dómsmálaráðherra 30. júní 1960.** 116 30. júní

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð ættmenna Péturs J. Ólafssonar og Þorsteinu Guðmundsdóttur, Bolungavík.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minning ættmenna Péturs J. Ólafssonar og Þorsteinu Guðmundsdóttur.

## 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um foreldra þeirra hjónanna beggja og bræður tvo, er drukknudu í blóma aldurs.

Foreldrar Péturs voru þau Ólafur Jóhannesson, bóndi á Hanhóli og í Minnihlíð, f. 16. febr. 1855, — d. 22. jan. 1922 og kona hans, Margrét Ólafsdóttir, f. 12. febr. 1851, — d. 27. okt. 1932.

Bróðir Péturs, sem hér um ræðir var Jóhann Benedikt Ólafsson, f. 8. jan. 1891, — d. 20. apríl 1916.

Foreldrar Þorsteinu voru þau Guðmundur Sveinsson frá Felli í Víkursveit, Strand., f. 28. júlí 1844, — d. 20. maí 1894 í Bæ og kona hans, Kristín Loftsdóttir, f. 25. ágúst 1850, — d. 8. marz 1921.

Bróðir Þorsteinu, sem hér um ræðir var Magnús Sveinn Guðmundsson, f. 2. sept. 1883, — d. 1. júlí 1914.

## 3. gr.

Stofnendur sjóðsins eru þau hjónin Pétur J. Ólafsson og Þorsteina Guðmundsdóttir, Bolungavík og er stofndagur 31. maí 1960, — á 75 ára afmæli Þorsteinu.

## 4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10000.00 — tíu þúsund —. Tekjur hans eru, auk árlegra vaxta það fé sem honum kann að berast sem gjafir, áheit, minningargjafir eða á annan hátt.

## 5. gr.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að fegrun og bættum búnaði Hólskirkju í Bolungavík. Stofnfé sjóðsins, kr. 10000.00, má aldrei skerða og fyrstu 25 árin frá stofnun

**116** hans skulu vextir og annað fé, sem sjóðnum kann að áskotnast, leggjast við höfuð-  
30. júní stól. Eftir þann tíma má verja vaxtatekjum sjóðsins, öðrum tekjum svo og eignum  
öðrum en stofnfé í samræmi við ofangreindan tilgang hans, eftir því sem stjórn hans  
ákvarðar. Sjóðurinn skal ávaxtaður í Sparisjóði Bolungavíkur eða annarri tryggri  
peningastofnun.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Sóknarprestur Bolungavíkurprestakalls, formaður sóknar-  
nefndar Hólssóknar og Péturs J. Ólafssonar, en eftir hans dag komi í stað hans ein-  
hver af niðjum stofnenda eða ættingjum, sem búsettur er í Bolungavík og hinir  
stjórnarmennirnir tilnefna.

Sjóðstjórnin skiptir með sér verkum.

7. gr.

Stjórn sjóðsins annast reikningshald hans. Hún semur árlega reikning sjóðsins  
og leggur hann fyrir aðalsafnaðarfund endurskoðaðan.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt, nema allir stjórnendur sjóðsins séu  
breytingu sammála og safnaðarfundur samþykki.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Bolungavík, 31. maí 1960.

Pétur J. Ólafsson.

Þorsteina Guðmundsdóttir.

**117**

4. júlí

## AUGLÝSING

um notkun tolllækkunarheimildar í lögum nr. 30/1960, um skipan  
innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

Með heimild í bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 30/1960, um skipan innflutnings-  
og gjaldeyrismála o. fl., hefur ráðuneytið ákveðið að lækka aðflutningsgjöld af eftir-  
greindum vörum þannig, að gjöldin af þeim verði eins og að neðan greinir og að þær  
flokkist eins og þar segir:

Tollskrá:

Kafli. Nr.

Kafli.	Nr.	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
36	1c			
	1d			2
	3a	1 kg	2	2
	4a	—	2	8
	5a	—	2	8
13a		—	2	5